



Hafnarfjarðarbær
Inni: 22/7 2015
Málarnúmer: 1109 091
Bréfal: 516

Hafnarfjarðarkaupstaður

Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 17.07.2015
1507001 HÁP

Efni: Gildistaka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins - innleiðing í aðalskipulag Hafnarfjarðar

Staðfesting nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins *Höfuðborgarsvæðið 2040* var auglýst í B deild stjórnartíðinda þann 14. júlí 2015 og tekur þar með gildi. Líkt og kemur fram í auglýsingunni þá falla jafnframt úr gildi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 sem staðfest var 20. desember 2002 og svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem staðfest var 5. febrúar 1999.

Svæðisskipulag er rétt hærra en aðalskipulagsáætlanir og skulu sveitarfélögin gæta að innra samræmi sé milli aðalskipulags og svæðisskipulags. *Höfuðborgarsvæðið 2040* ásamt fylgigögnum er að finna á heimasíðu SSH - <http://ssh.is/svaedisskipulag>.

Eins og kemur fram í *Höfuðborgarsvæðinu 2040* verða aðildarsveitarfélög að hafa innleitt stefnu svæðisskipulagsins í sitt aðalskipulag innan 18 mánaða frá samþykki þess. Í því samhengi er rétt að benda á að breytingar eru á vatnsverndarmörkum hjá öllum sveitarfélögum utan Kjósarhrepps og að Mosfellsbær hefur lengri frest til að innleiða ný vatnsverndarmörk eða 3 ár frá staðfestingu.

Að ofansögðu er því óskað er eftir að sveitarfélögin leggja fram tillögu að innleiðingu til svæðisskipulagsnefndar sem fyrst. Tillagan skal gera grein fyrir hvernig samræmi gildandi aðalskipulagsáætlunar eða tillögu að nýju aðalskipulagi er við stefnu *Höfuðborgarsvæðisins 2040*. Sérstaklega skal gera grein fyrir og rökstyðja:

- Þeim skipulagsþáttum taldir eru upp í töflu 3.
- Sýn og hlutverki sveitarfélags við útfærslu samgöngu- og þróunarása ásamt borgarlínu.
- Nánari útfærsla miðkjarna.
- Hvernig uppbygging samræmist stefnu *Höfuðborgarsvæðisins 2040* með tilliti til viðmiða í töflu 1 og töflu 2.

Í þeim tilvik sem ekki er samræmi þarf að gera breytingu á aðalskipulaginu. Undirritaður er reiðubúin til að veita aðstoð við að greininguna sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

Hrafnkel A. Proppé
svæðisskipulagsstjóri

Fylgigögn:
Auglýsing um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins í B-deild Stjórnartíðinda